



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 36. mál

13. nóvember 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust 3. júní 2019 átti að leggja fram frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eigi síðar en 13. desember 2020. Það hefur ekki enn verið gert.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur ...

Í stjórnarsáttmálanum segir hins vegar ekkert um hvenær samningurinn verður lögfestur og ekki er gert ráð fyrir því í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir löggjafarþing 2023 – 2024. Í tillögu félags- og vinnumarkaðsráðherra til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 (landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks), sem nú er til umsagnar í samráðsgátt, kemur fram í lið F. 1., sem hefur fyrirsögnina *Lögfesting SRFF*, að frumvarp til laga um lögfestingu samningsins verði undirbúið og lagt fram á árinu 2025.

Með lögfestingu samningsins yrði mannréttindum fatlaðs fólks veitt mjög aukin vernd. Fatlaður einstaklingur getur þá borið ákvæði samningsins fyrir sig sem ótvíræða réttarreglu fyrir stjórnvöldum og dómstólum. Lögfesting samningsins mun vekja jafnt almenning og þá sem fjalla um málefni fatlaðs fólks fyrir dómstólum, í stjórnarsýslu og við undirbúning að lagasetningu, til frekari vitundar um mannréttindi fatlaðs fólks og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki.

Lögfesting samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er m.a. afar mikilvægur liður í að tryggja betri framfylgd laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Óumdeilanlegt er, að mati Þroskahjálpar, að mjög mikil þörf er á að bæta þá framfylgd verulega.

Þá er augljóst að lögfesting samningsins væri mjög mikilvægur og áhrifaríkur þáttur til að framfylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem voru samþykkt af öllum aðildarríkjum SP, þ.m.t. íslenska ríkinu, í september 2015. Ríki heims hafa skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Meginmarkmið heimsmarkmiðanna er að "skilja engan eftir" (e. no one will be left behind). Fatlað fólk hvarvetna í heiminum hefur verið og er enn "skilið eftir" á öllum sviðum samfélagsins. Ísland er engin undantekning frá því. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks var gerður til að bregðast við því.

Heimsmarkmiðin eru nátengd alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum sem mælt er fyrir um í fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja, m.a. og ekki síst í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Ljóst er að verulega vantar upp á að fatlað fólk njóti þessara réttinda og tækifæra á Íslandi til jafns við aðra. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks og heimsmarkmið SP eru öflug tæki fyrir íslensk stjórnvöld til að tryggja að fatlað fólk á Íslandi fái notið þessara mannréttinda til jafns við aðra.

Það hlýtur að valda verulegum vonbrigðum og áhyggjum, í ljósi þess að nú er liðin fjögur og hálf ár frá því að Alþingi samþykkti, að leggja ætti fram frumvarp um lögfestingu samningsins eigi síðar en 13. desember 2020, að það skuli ekki enn hafa verið gert.

Með vísan til framangreinds lýsa Landssamtökin Þroskahjálpar eindregnum stuðningi við frumvarpið sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar